

SAMÞYKKT
um meðhöndlun úrgangs í Grímsnes- og Grafningshreppi.

1. gr.

Gildissvið.

Samþykkt þessi gildir um meðhöndlun úrgangs, þ.m.t. hirðu, söfnun og förgun úrgangs, í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Um meðhöndlun úrgangs í Grímsnes- og Grafningshreppi fer samkvæmt þessari samþykkt, lögum nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs með síðari breytingum, lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir með síðari breytingum, reglugerð nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs og öðrum reglugerðum settum með stoð í framangreindum lögum.

2. gr.

Markmið.

Markmið samþykktar þessarar er að stuðla að því að meðhöndlun úrgangs í sveitarfélaginu Grímsnes- og Grafningshreppi valdi sem minnstum óæskilegum áhrifum á umhverfið, stuðla að endurnotkun og endurnýtingu og góða þjónustu við íbúa. Horft verður til úrgangsprihyrningsins í meðhöndlun úrgangs, áhersla lögð á úrgangsförvarnir og mengunarbótareglan höfð að leiðarljósi við ákvörðun gjaldtöku vegna meðhöndlunar úrgangs.

3. gr.

Skilgreiningar.

Aðkomustaður: Svæði sem söfnunartæki á auðvelt með að komast að til að athafna sig við söfnun úrgangs úr ílátum viðkomandi íbúðarhúsnæðis. Sé aðgengi eða heimreið að íbúðarhúsi ekki aksturshæf færast aðkomustaður söfnunartækis í samræmi við það.

Annar úrgangur: Annar úrgangur en sá sem flokkast sem heimilisúrgangur eða rekstrarúrgangur.

Grenndarstöð: Staður þar sem tekið er við flokkuðum heimilisúrgangi frá almenningi, þó ekki garðaúrgangi, timbri eða spilliefnum.

Grunneining: Samsetning fjögurra íláta: 240 lítra tunnu undir blandaðan úrgang, 240 lítra tunnu undir pappír og pappa, 240 lítra tunnu undir plast og 240 lítra tunnu undir lífúrgang.

Heimilisúrgangur: Úrgangur frá heimilum, t.d. matarleifar, pappír, pappi, plast, garðaúrgangur, gler, timbur, málmar og sams konar leifar frá rekstraraðilum o.þ.h.

Húsráðandi: Eigandi eða umráðandi viðkomandi fasteignar.

Ílát: Móttökuílát undir úrgang. Ílát til heimilisnota eru í stærðinni 240 l. Ílát á grenndarstöðvum eru 8 m³ framhlaðningsgámar og 140 l tunnur. Ílát á gámasvæði eru opnir eða lokaðir gámar í stærðum frá 2m³ upp í 36m³.

Meðhöndlun úrgangs: Söfnun, geymsla, böggun, flokkun, flutningur, endurnotkun, endurnýting, pökkun og förgun úrgangs, þ.m.t. eftirlit með slíkri starfsemi og umsjón með förgunarstöðum eftir að þeim hefur verið lokað.

Rekstraraðili: Einstaklingur eða lögaðili sem ber ábyrgð á viðkomandi atvinnurekstri.

Rekstrarúrgangur: Úrgangur frá framleiðslu, þjónustu, verslun og öðrum rekstri, annar en heimilisúrgangur.

Spilliefni: Úrgangur sem inniheldur efni sem haft geta mengandi eða óæskileg áhrif á umhverfið hvort sem þau eru óblönduð eða hluti af öðrum efnum, vörum eða umbúðum sem komist hafa í snertingu við spilliefni og skráð eru á lista í reglugerð um úrgang, sbr. 43. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs.

Söfnunarleið: Vegur sem söfnunartæki ekur til þess að safna úrgangi.

Söfnunarstöð (gámastöð): Staður og aðstaða þar sem tekið er við úrgangi frá almenningi og/eða smærri fyrirtækjum. Þaðan fer hann til endurnotkunar, endurnýtingar eða er fluttur til móttökustöðvar.

Söfnunartæki: Ökutæki sem notað er til söfnunar úrgangs úr ílátum.

Tunna undir blandaðan úrgang: Merkt ílát undir blandaðan heimilisúrgang sem ekki er hæfur til endurvinnslu eða endurnýtingar.

Tunna undir lífúrgang: Merkt ílát undir lífúrgang sem fellur til á heimilum, þó ekki garðaúrgang.

Tunna undir pappír og pappa: Merkt ílát undir endurvinnanlegan pappír og pappa frá heimilum.

Tunna undir plast: Merkt ílát undir endurvinnanlegt plast og plastumbúðir frá heimilum.

Þjónustuaðili: Einstaklingur eða lögaðili, annar en þjónustuverktaki, sem hefur starfsleyfi til söfnunar og meðhöndlunar úrgangs.

Þjónustuverktaki: Einstaklingur eða lögaðili sem sveitarstjórn hefur falið framkvæmd á tilteknum þáttum meðhöndlunar úrgangs.

4. gr.

Fyrirkomulag sorphirðu.

Meðhöndlun úrgangs fer fram undir yfirstjórn sveitarstjórnar og er háð eftirliti Heilbrigðisnefndar Suðurlands eða Umhverfisstofnunar eftir því sem við á í samræmi við 4. gr. laga nr. 55/2003, um meðhöndlun úrgangs. Söfnun úrgangs frá íbúðarhúsnæði fer fram í samræmi við útgefið sorphirðudagatal, en söfnun frá frístundahúsnæði og atvinnuhúsnæði fer fram að höfðu samráði við eigendur, umráðamenn eða hagsmunasamtök.

Sveitarstjórn er heimilt að fela öðrum framkvæmd með tilteknum þáttum meðhöndlunar úrgangs. Viðkomandi skal hafa starfsleyfi heilbrigðisnefndar eða Umhverfisstofnunar eftir því sem við á.

5. gr.

Skyldur íbúa, húsráðenda, rekstraraðila og landeigenda.

Íbúum, húsráðendum, rekstraraðilum og landeigendum í sveitarfélaginu ber að fara eftir þeim reglum sem sveitarfélagið setur um meðhöndlun úrgangs. Úrgang sem samþykktin nær til má einungis meðhöndla í samræmi við gildandi lög, reglugerðir og kröfur sveitarfélagsins.

Sérhverjum húsráðanda í sveitarfélaginu, hvort sem er að ræða húsráðanda íbúðar-, frístunda- eða atvinnuhúsnæðis, er skylt að endurnota eða flokka og endurnýta úrgang eins og kostur er, hvort sem slíkum úrgangi er safnað við húsnæði samkvæmt 6.-8. gr. eða skilað til grenndar- eða söfnunarstöðvar samkvæmt 10. og 11. gr.

Setja skal allan úrgang sem safnað er við húsnæði í viðeigandi ílát, sbr. 6.-8. gr. Að öðrum kosti er þjónustuverktaka og þjónustuaðila heimilt að skilja hann eftir.

Flokkaður úrgangur skal meðhöndlaður þannig að hann blandist ekki öðrum úrgangsflokkum. Flokkaðan úrgang skal geyma og meðhöndla þannig að gæði hans við væntanlega endurnýtingu skerðist sem minnst.

Úrgang sem getur fokið skal geyma þannig að hann fjúki ekki.

Meðhöndlun úrgangs má ekki valda lyktaróþægindum, draga til sín meindýr eða skapa hreinlætisvandamál.

Óheimilt er að skilja eftir eða geyma rusl, garðaúrgang eða annan úrgang á víðavangi, götum, gangstígum, við sorpgáma eða á opnum svæðum í sveitarfélaginu. Sama á við um númerslaugar bifreiðar, vélar, báta og önnur tæki.

Glerbrotum og öðrum oddhvössum hlutum, sem hætta er á að skaði þá sem meðhöndla úrgang eða sorpílát, skal pakkað inn eða gengið frá þeim á annan tryggilegan hátt.

6. gr.

Söfnun úrgangs frá íbúðarhúsnæði.

Öll íbúðarhús sem búin eru ílátum skulu að lágmarki búin grunneiningu sem samantendur af fjórum ílátum sem sveitarfélagið leggur til. Stærð grunneiningar er 240 l tunna undir blandaðan úrgang, 240 l tunna undir lífúrgang, 240 l tunna undir plast og 240 l tunna undir pappír og pappa. Í þessi ílát má aðeins setja heimilisúrgang, en þó ekki garðaúrgang, textíl og timbur. Óheimilt er að setja spilliefni í ílátin.

Einnig getur hann farið með umframmagn heimilisúrgangs á grenndarstöðvar sveitarfélagsins, sbr. 10. gr. Staðsetning íláta má að hámarki vera 20 m frá aðkomustað söfnunartækis við íbúðarhúsnæði. Húsráðandi skal gæta þess að ílát séu hrein, vel við haldið og að ekki sé hætta á að þau fjúki. Festingar íláta mega ekki hamla losun þeirra. Gott aðgengi skal vera að ílátunum og skal húsráðandi moka snjó frá þeim ef þörf krefur vegna söfnunar.

Garðaúrgangi, timbri, spilliefnum og öðrum úrgangi frá íbúðarhúsnæði skal skila til söfnunarstöðvar sveitarfélagsins, sbr. 9. gr. Einnig má semja við þjónustuverktaka um ílát og þjónustu fyrir slíkan úrgang.

7. gr.

Söfnun úrgangs frá frístundahúsnæði.

Húsráðandi frístundahúss skal skila heimilisúrgangi, þó ekki garðaúrgangi og timbri, til grenndarstöðva sveitarfélagsins, sbr. 11. gr. Öllum öðrum úrgangi skal skilað til söfnunarstöðvar sveitarfélagsins sbr. 10. gr.

8. gr.

Söfnun úrgangs frá atvinnuhúsnæði.

Rekstraraðila er ekki skylt að hafa grunneiningu íláta en getur óskað eftir því að sveitarfélagið leggi hana til á kostnað rekstraraðila. Samkomulag um slíka grunneiningu skal gert milli rekstraraðila annars vegar og þjónustuverktaka eða þjónustuaðila hins vegar. Rekstraraðila er skylt að flokka úrgang í samræmi við ákvæði 2. mgr. 5. gr. Í ílátin má aðeins setja heimilisúrgang, en þó ekki garðaúrgang, textíl eða timbur. Óheimilt er að setja spilliefni eða raftæki í ílátin. Sé fyrirséð að ílátin yfirfyllist getur rekstraraðili óskað eftir fleiri ílátum. Einnig getur hann farið með umframmagn heimilisúrgangs á grenndarstöð eða söfnunarstöð sveitarfélagsins, sbr. 10. gr. Rekstraraðili sem ekki hefur grunneiningu íláta eða samning um sorphirðu við þjónustuaðila skal skila heimilisúrgangi til söfnunarstöðvar sveitarfélagsins, sbr. 10. gr.

Staðsetning íláta má að hámarki vera 200 m frá söfnunarleið söfnunartækis. Aðgengi að ílátum skal henta söfnunartækjum og skal rekstraraðili gæta þess að ílát séu hrein, vel við haldið og að ekki sé hættá á að þau fjúki. Festingar íláta mega ekki hamla hirðingu þeirra. Gott aðgengi skal vera að ílátunum og moka skal snjó frá þeim ef þörf krefur vegna söfnunar.

Rekstrarúrgangi, garðaúrgangi, timbri, spilliefnum og öðrum úrgangi frá atvinnustarfsemi skal skila til söfnunarstöðvar sveitarfélagsins samkvæmt 10. gr. eða móttökustöðvar. Einnig má semja við þjónustuverktaka eða þjónustuaðila um ílát og þjónustu fyrir slíkan úrgang.

9. gr.

Þjónustuaðilar.

Sveitarstjórn gerir sérstaka samþykkt um samskipti þjónustuaðila og sveitarfélagsins sem fjallar um verklag og tilhögun valkvæðrar þjónustu.

10. gr.

Móttaka úrgangs á söfnunarstöð.

Tekið er á móti úrgangi sem fellur til í sveitarfélaginu á söfnunarstöð í Seyðishólum. Úrgangur sem skilað er til söfnunarstöðvar skal flokkaður samkvæmt flokkunarreglum sveitarfélagsins. Spilliefni, svo sem úrgangsolía og úrgangsvökvar, skulu aðskilin frá öðrum úrgangsflokkum og uppfylla skilyrði reglugerðar nr. 806/1999 um spilliefni.

Í gjaldskrá fyrir meðhöndlun úrgangs, sbr. 11. gr., eru nánar tilgreindir þeir úrgangsflokkar sem tekið er á móti og það gjald sem tekið er fyrir móttöku og meðhöndlun hvers flokks um sig. Ávallt skal tekið gjald fyrir allan rekstrarúrgang.

Söfnunarstöð er mönnuð og hefur ákveðinn auglýstan afgreiðslutíma.

11. gr.

Móttaka úrgangs á grenndarstöð

Tekið er á móti flokkuðum heimilisúrgangi frá fasteignaeigendum á skilgreindum grenndarstöðvum í sveitarfélaginu. Úrgangur sem skilað er til grenndarstöðvar skal vera flokkaður samkvæmt flokkunarreglum sveitarfélagsins. Sveitarfélagið auglýsir sérstaklega hvaða úrgangsflokkum er tekið við á grenndarstöðvum.

12. gr.

Gjaldtaka.

Sveitarstjórn innheimtir gjald fyrir alla meðhöndlun úrgangs í samræmi við 1. mgr. 23. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs. Þá er sveitarstjórn heimilt samkvæmt 2. mgr. 23. gr. laga nr. 55/2003 að innheimta gjald fyrir tengda starfsemi sem samræmist markmiðum laganna, svo sem þróun nýrrar tækni við meðhöndlun úrgangs, rannsóknir, fræðslu og kynningarmál.

Gjöldin skulu ákvörðuð og innheimt samkvæmt gjaldskrá sem sett er samkvæmt 4. mgr. 23. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar, sbr. einnig 59. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Gjöld í hverjum flokki skulu vera sem næst meðalraunkostnaði við þá þjónustu sem veitt er, en þó aldrei hærri en sem nemur þeim kostnaði sem fellur til í sveitarfélaginu við meðhöndlun úrgangs, veitta þjónustu, framkvæmd eftirlits með einstökum þáttum og tengda starfsemi, sbr. 3. mgr. 23. gr. laga nr. 55/2003, um meðhöndlun úrgangs.

Gjöld skulu lögð á hverja fasteign, fristundahús og rekstraraðila sem nýtur þjónustu samkvæmt þessari samþykkt. Heimilt er að miða gjöld við magn úrgangs, gerð úrgangs, losunartíðni, frágang úrgangs og aðra þætti sem áhrif hafa á kostnað við meðhöndlun úrgangs viðkomandi aðila samkvæmt mati sveitarfélagsins eða samkomulagi við viðkomandi.

Sveitarfélagið skal láta birta gjaldskrána í B-deild Stjórnartíðinda og skal í gjaldskránni vísað til þessarar samþykktar.

13 gr.

Kvartanir, ábendingar og kærur.

Kvörtunum og ábendingum vegna meðhöndlunar úrgangs skal komið á framfæri við skrifstofu Grímsnes- og Grafningsshrepps eða Heilbrigðiseftirlit Suðurlands. Stjórnvaldsákvarðanir sem teknar eru á grundvelli þessarar samþykktar eru kærnanlegar til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála í samræmi við 1. mgr. 67. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs.

14. gr.

Viðurlög.

Með brot á samþykkt þessari skal farið samkvæmt ákvæðum 67. og 68. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og 68. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs.

15. gr.

Lagastoð og gildistaka.

Samþykkt þessi er sett samkvæmt ákvæðum 2. mgr. 8. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs, sbr. ákvæði 59. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998, og öðlast þegar gildi. Frá sama tíma fellur úr gildi samþykkt nr. 1366/2019 um meðhöndlun úrgangs í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Umhverfis- orku- og loftslagsráðuneytinu, xx.xx.202x

F.h.r.